

ábyrgðarsendingu að ræða. Stefnandi þykir ekki hafa fært líkur að því, að jafna megi bréfum sendanda á einhvern hátt við ábyrgðarsendingar eða sendendur hafi afsalað honum einhverjum rétti samkvæmt greininni, sé hann til. Þegar af þessum ástæðum er rétt að sýkna stefnda af kröfum stefnanda. Samkvæmt þessari niðurstöðu þykir rétt að stefnandi greiði stefnda kr. 80.000 í málskostnað. Það skal tekið fram, að stefnandi þykir ekki hafa fært viðhlítandi stoð fyrir upphæð stefnukrafna, en, eins og á stendur, þykir ekki rétt að láta það koma í veg fyrir efnisniðurstöðu.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan.

#### Dómsorð:

Stefndi, Jón Skúlason póst- og símamálastjóri f. h. póst- og símamálastjórnar Íslands, skal sýkn af kröfum stefnanda, firmans Á. Hansen. Stefnandi, firmað Á. Hansen, greiði stefnda, Jóni Skúlasyni póst- og símamálastjóra f. h. póst- og símamálastjórnar Íslands, kr. 80.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 16. janúar 1978.

Nr. 89/1976. **Anton Sigurðsson**  
(Örn Clausen hrl.)  
gegn  
**Jónatan S. Tryggvasyni og**  
**Sjóváttryggingarfélagi Íslands h/f**  
(Hákon Árnason hrl.).

Bifreiðar. Skaðabótamál.

#### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson og Björn Sveinbjörnsson.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 26. apríl 1976, að fengnu áfrýjunarleyfi 12. s. m. Krefst hann þess aðallega, að stefndu verði dæmdir til að greiða sér óskipt

121.727 krónur með 9% ársvöxtum frá 7. desember 1973 til 15. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst áfrýjandi staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Hámarkshraði á Kringlumýrarbraut var 60 km miðað við klukkustund, þegar árekstur sá varð, sem mál þetta er af risið, sbr. 6. tl. auglýsingar nr. 188/1971. Fallast má á þá skoðun héraðsdóms, að stefndi hafi sýnt verulega ógætni í umrætt sinn. Með þessari athugasemd þykir mega staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

#### D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

#### Dómur bæjarþings Reykjavíkur 7. nómevber 1975.

Mál þetta, sem dómtekið var 6. þ. m., hefur Anton Sigurðsson, Hæðargarði 12 í Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 17. desember 1974, á hendur Jónatan S. Tryggvasyni, Litla-Hamri í Öngulsstaðahreppi, og Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f í Reykjavík til greiðslu in solidum á skaðabótum að fjárhæð kr. 121.727 með 1½% vöxtum á mánuði frá 7. desember 1973 til 15. júlí 1974 og 2% vöxtum á mánuði frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnaði að mati dómars.

Stefndu hafa aðallega krafist sýknu af dómkröfum stefnanda, en til vara stórlegrar lækkunar á kröfunum. Í báðum tilvikum krefjast stefndu málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómars.

Málsatvik eru þau, að um klukkan 1415 föstudaginn 7. desember 1973 var bifreiðinni R 7743, eign stefnanda, ekið af Sléttuvegi inn í Kringlumýrarbraut hér í borg og eftir þeirri götu til norðurs. Bifreiðinni A 2666, eign stefnda Jónatans, var um sama leyti ekið Kringlumýrarbrautina til norðurs. Nokkru norðan við

vegamót Sléttuvegarins var bifreiðinni A 2666 ekið aftan á bifreiðina R 7743. Báðar bifreiðarnar urðu fyrir skemmdum, og krefur stefnandi stefnda um bætur fyrir það tjón, er hann varð fyrir af völdum árekstursins, þar sem hann telur stefnda eiga alla sök á honum.

Elín Anna, dóttir stefnanda og ökumaður R 7743, skýrði svo frá fyrir dómi, að hún hafi í umrætt sinn ekið bifreiðinni á hægri vegarhelmingi vestur Sléttuveg að Kringlumýrarbraut. Á undan sér hafi verið bifreið, sem hafi stöðvað við stöðvunarlínu, og hafi hún stöðvað aftan við þá bifreið. Þeirri bifreið hafi síðan verið ekið til hægri inn í Kringlumýrarbrautina, og kvaðst Elín Anna hafa ekið sinni bifreið þá að stöðvunarlínunni. Hafi hún gætt að umferð norður Kringlumýrarbrautina austan gatnamótanna og séð til ferða Volkswagen-bifreiðar á hægri akrein götunnar, en sú bifreið hafi verið svo langt austan gatnamótanna, nálægt „Nesti“, að sér hafi ekki verið nein hættu búin af þeirri bifreið til að aka inn í Kringlumýrarbrautina. Hafi hún því tekið krappa beygju til hægri inn í götuna og ekið á hægri akrein hennar. Hún kvað bifreið sína vera búna „power“-stýri og því hafi sér verið mjög auðvelt að taka krappa beygju, og kvað hún bifreiðina ekki hafa farið út fyrir hægri akrein Kringlumýrarbrautarinnar. Er hún hafi verið búin að aka nokkuð eftir götunni, hafi bifreið stefnda verið ekið aftan á sína bifreið. Eftir áreksturinn hafi hún sagt við ökumann árekstursbifreiðarinnar eitthvað á þá leið: „Hvað er þetta, af hverju ertu að keyra aftan á mig?“ Þá hafi hann svarað: „Já, ég sá þig ekki“. Elín Anna kvaðst ekki hafa hugað að hraða Volkswagen-bifreiðarinnar, er hún sá til ferða hennar, enda hafi hún verið svo langt frá gatnamótunum, að engrar hættu hafi verið af henni að vænta fyrir sig að aka inn í Kringlumýrarbrautina.

Stefnandi skýrði svo frá, að hann hafi ekið bifreið vestur Sléttuveg og á eftir sér hafi dóttir sín, Elín Anna, ekið bifreið hans, R 7743, þar sem þau bæði hafi verið að fara að sama áfangastað. Er hann hafi komið að gatnamótum Kringlumýrarbrautar, kvaðst hann hafa stöðvað á Sléttuveginum við stöðvunarlínu og Elín Anna þar fyrir aftan. Er hann hafi haft tækifæri til vegna umferðar, hafi hann ekið krappri beygju til hægri inn í Kringlumýrarbrautina. Er hann hafði verið farinn að beygja inn í Kringlumýrarbrautina, hafi hann séð í bakspegli, að Elín Anna var á eftir honum, en hvort hún hafi stöðvað bifreið sína, áður en hún ók inn í Kringlumýrarbrautina, kveðst hann ekki vita, þar sem

hann hafi ekki fylgst með því. Er hann hafi þannig ekið inn í þá götu svo og Elín Anna, hafi hann séð til ferða bifreiða norður götuna, en þær bifreiðar hafi verið langt sunnan gatnamótanna, þó nokkuð langt niðri í „slakka“ eða niður undir honum. Hann hafi síðan séð í bakspegli sínum, að eitthvað hafði komið fyrir, þar sem hann hafi séð Elínu Önnu fara út úr bifreið sinni. Stefnandi kvað bifreið sína hafa verið ökufæra eftir áreksturinn og hafi hann notað hana, þar til hann kom henni á verkstæði, en það hafi verið í byrjun janúar 1974, að því er hann hélt. Stefnandi kvað bifreiðina hafa verið allengi til viðgerðar, meðal annars hafi verkfall tafið, en hann kvaðst hafa haft bílaleigubíl til afnota hluta viðgerðartímans.

Stefndi skýrði svo frá fyrir dómi, að hann hafi ekið bifreið sinni, A 2666, norður Kringlumýrarbraut á um 50—60 kílómetra hraða eftir hægri akrein. Kvaðst hann hafa veitt athygli tveim bifreiðum, sem komu frá hægri að Kringlumýrarbraut í átt frá Borgarspítalanum. Kvaðst hann álíta, að fremri bifreiðin hafi stöðvað við gatnamótin, áður en henni var ekið inn í Kringlumýrarbrautina, og hafi henni verið ekið til norðurs á sömu akrein og hann hafi ekið sinni bifreið. Stefnandi kvað síðari bifreiðina hafa verið þó nokkurn spöl á eftir fyrri bifreiðinni að gatnamótunum, en nálgast hana mjög við gatnamótin. Kvað hann sér hafa virst ökumaður síðari bifreiðarinnar hika við að aka inn í Kringlumýrarbrautina, en síðan hafi henni verið ekið viðstöðulaust inn í götuna án þess að stansa við gatnamótin. Bifreiðinni hafi verið ekið víðri beygju inn í Kringlumýrarbrautina, þannig að hún lenti yfir á miðakreinina. Hafi henni verið ekið þar um 15 metra vegalengd, en þá skyndilega verið beygt yfir á hægri akreinina í veg fyrir sína bifreið, en þá kvaðst stefnandi hafa verið um það bil að aka fram úr bifreiðinni. Kvaðst stefnandi hafa hemlað strax og beygt til vinstri til að forðast árekstur, en það hafi ekki tekist.

Vitnið Gylfi Matthíasson, sem er hálfbróðir stefnda, skýrði svo frá, að hann hafi ekið vörubifreið sinni, G 8175, næst á eftir bifreið stefnda, en þeir hafi verið að fara til Akureyrar báðir saman. Kvað hann sig og stefnda hafa ekið norður Kringlumýrarbrautina eftir akreininni, sem er lengst til hægri, og hafi stefndi verið um eitt til tvö hundruð metra á undan. Kvaðst Gylfi telja, að ökuhraði bifreiðar sinnar hafi verið 50—60 km á klukkustund. Er þeir hafi verið að nálgast vegamót Kringlumýrarbrautar og vegar þess, er liggur frá Borgarspítalanum, hafi hann tekið eftir

tveim, frekar en þrem, bifreiðum við þau gatnamót. Sagði Gylfi, að fyrir framan bíl þann, sem aftastur var og verið hafi af amerískri gerð, hafi verið hvít bifreið af minni gerð. Hafi hvítu bifreiðinni verið ekið inn í Kringlumýrarbrautina, en ökumaður stærri bifreiðarinnar hafi eins og hikað, en síðan ekið áfram rakleitt inn í Kringlumýrarbrautina, en áður hafi bifreiðin staðið tvær til þrjár bíllengdir frá stöðvunarlínu. Sagði Gylfi, að ökumaður þessarar bifreiðar hafi tekið það stóra beygju, að bifreiðin hafi farið yfir á miðakreinina, en síðan hafi ökumaðurinn sveigt yfir á hægri akrein, en þá hafi áreksturinn orðið um leið. Hafi sér vist eins og ökumaðurinn hafi ætlað að hleypa sér og stefnda fram úr eftir hægri akreininni. Gylfi sagði, að bifreiðin R 7743 hafi ekki alveg verið búin að rétta sig af á hægri akreininni, er áreksturinn varð, en hún hafi þó öll verið komin inn á akreinina. Hafi A 2666 lent á vinstra afturhorni bifreiðarinnar og hafi sér vist eins og stefndi hafi reynt að komast hjá árekstri með því að sveigja til vinstri. Ekki gat Gylfi gert sér grein fyrir hraða R 7743, er henni var ekið inn í Kringlumýrarbrautina, og ekki gat hann heldur gert sér grein fyrir því, hve langt bifreiðarnar voru komnar norður fyrir gatnamótin, er áreksturinn varð.

Vitnið Kristín Erla Sveinbjörnsdóttir, eiginkona vitnisins Gylfa, kvað þau hjónin hafa verið í samfloti með stefnda. Kvaðst hún hafa tekið eftir bifreiðum, sem biðu á Sléttuvegi til þess að komast inn á Kringlumýrarbrautina. Taldi hún, að þá hafi bifreið þeirra hjóna verið á milli „Nestis“ og gatnamótanna, og áleit hún hraða bifreiðar þeirra hafa verið um 60 km á klukkustund. Sagði hún síðustu bifreiðinni, sem beið við gatnamótin, hafa verið ekið í stórri beygju inn á miðakstursrein Kringlumýrarbrautar og úr þeirri beygju yfir á hægri akreinina. Hafi sér vist, er R 7743 ók inn í Kringlumýrarbrautina, að ökumaður hennar hafi ætlað A 2666 og bifreið eiginmanns síns akstur á hægri akreininni fram hjá sér. Gat Kristín þess, að ökumaður R 7743 hafi verið að rétta bifreið sína af á hægri akreininni, um það leyti er áreksturinn varð, og einnig hafi sér vist sem stefndi hafi ætlað að forðast árekstur með því að sveigja til vinstri. Ekki gat Kristín greint í tölum fjarlægð frá gatnamótunum að árekstursstaðnum, en kvað áreksturinn hafa orðið mjög skammt frá gatnamótunum.

Kröfur stefnanda í málinu eru á því byggðar, að stefndi eigi alla sök á árekstrinum. Ökumaður R 7743 hafi ekið bifreið sinni úr Sléttuvegi, þar sem hann hafi verið í kyrrstöðu við stöðvunarmerki, inn í hægri akrein Kringlumýrarbrautar, enda til þess

fullkomlega óhætt frá aðkomandi bifreiðum sunnan gatnamótanna. Ökumaðurinn hafi alfarið ekið eftir hægri akreininni og verið kominn um 66 metra norður frá gatnamótunum, er stefndi hafi ekið aftan á bifreiðina, sem við það hafi kastast um 15 metra beint áfram eftir akbrautinni.

Sýknukrafa stefndu er studd þeim rökum, að ökumaður R 7743 hafi í ótíma ekið úr Sléttuvegi inn í Kringlumýrarbrautina, en honum hafi borið að biða þess, uns bifreið stefnda hafi verið komin fram hjá gatnamótunum. Enn fremur sé ljóst af framburðum stefnda og vitnanna Gylfa og Kristínar, að ökumaður þeirrar bifreiðar hafi beygt úr Sléttuvegi inn í miðakstursrein Kringlumýrarbrautar og þaðan í hægri akreinina í veg fyrir bifreið stefnda án þess að gefa þá breytingu til kynna með stefnumerki. Hafi þá verið orðið svo skammt á milli bifreiðanna, að stefndi hafi ekki getað forðast árekstur þrátt fyrir tilraunir til þess. Hafi ökumaður með þessari háttsemi brotið ákvæði 4. mgr. 45. gr., 1 mgr. 46. gr. og 52. gr. umferðarlaga og þannig átt alla sök á árekstrinum.

Af uppdrætti lögreglunnar, sem fylgir lögregluskýrslunni, verður ekki ráðið, hve langt norðan gatnamótanna áreksturinn hefur orðið. Í málinu liggur fyrir ljósmynd úr dagblaði, sem tekin var á vettvangi eftir áreksturinn. Þar koma gatnamótin m. a. fram og afstaða ljósastaura norðan þeirra við Kringlumýrarbrautina, en samkvæmt upplýsingum Rafmagnsveitu Reykjavíkur, sem dómarrinn aflaði sér, er fyrsti ljósastaur norðan gatnamótanna í 4—6 metra fjarlægð frá þeim, og síðan eru 35 metrar milli ljósastauranna. Af sjálfstæðri vettvangsskoðun dómarrans, umræddri ljósmynd og upplýsingum um fjarlægðir ljósastauranna þykir verða ráðið, að áreksturinn hafi orðið 40—50 metra norðan gatnamótanna, en við hann hafi R 7743 farið um 15 metra áfram, þar til bifreiðin stöðvast.

Eins og að framan er rakið, greinir aðilja og vitni á um það, inn á hvora akbraut Kringlumýrarbrautar, hægri eða mið, ökumaður R 7743 ók úr Sléttuvegi. Með tilliti til þeirra tengsla, sem vitni eru við aðilja, þykir ekki unnt að ráða um það atriði til grundvallar dómi. Staðreynd er þó, að ökumaður R 7743 ók frá stöðvunarskyldu inn í Kringlumýrarbrautina, sem er „hraðbraut“. Bar honum því að haga þeim akstri sínum á þann hátt, að hann hindraði eigi í neinu akstur bifreiða, sem eftir Kringlumýrarbrautinni óku. Mátti ökumanni R 7743 vera ljóst, að ökuhraði eftir Kringlumýrarbrautinni væri allhraður, og þar af leið-

andi bar honum að haga akstri sínum eftir henni með tilliti til þess, svo að hann ylli bifreiðum á Kringlumýrarbrautinni ekki hindrun. Að framansögðu athuguðu þykir ökumaður R 7743 ekki hafa gætt þessa sem skyldi og þykir með því eiga nokkra sök á árekstrinum.

Stefndi ók norður Kringlumýrarbrautina með um 50—60 km hraða, sem er allnokkuð yfir lögleyfðan hámarkshraða. Af vettvangsskoðun dómarans er ljóst, að ökumaðurinn hafði gott og vítt útsýn norður Kringlumýrarbrautina alllangt sunnan gatnamótanna. Er hann þannig sá R 7743 aka inn í Kringlumýrarbrautina, en þá var hann alllangt sunnan þeirra miðað við hraða bifreiðarinnar og árekstursstað, bar honum að gæta fyllstu varúðar, en á það þykir hafa mikið skort af hans hálfu. Hefur hann hvorki dregið úr hraða bifreiðar sinnar né á annan hátt reynt að forðast árekstur. Eru bremsuför eftir bifreið hans sýnd vera um 1 metra á vettvangsupprættinum. Þykir stefndi með framangreindri háttsemi sinni hafa átt meginsök á árekstrinum.

Að framansögðu virtu þykir rétt að skipta sök með ökumönnum þannig, að stefndi eigi 2/3 hluta hennar, en ökumaður R 7743 1/3 hluta. Verða stefndu samkvæmt því dæmdir til að greiða stefnanda 2/3 hluta tjóns hans af völdum árekstursins.

Stefnandi sundurliðar kröfur sínar þannig:

- |    |                     |     |        |
|----|---------------------|-----|--------|
| 1. | Viðgerðarreikningur | kr. | 72.923 |
| 2. | Varahlutareikningur | —   | 23.804 |
| 3. | Afnotamissir        | —   | 20.000 |

Samtals kr. 121.727

Verða nú hinir einstöku kröfuliðir teknir til meðferðar.

Um 1. og 2.

Stefndi hefur ekki mótmælt kröfuliðum þessum tölulega, og verða þeir því lagðir til grundvallar dómi.

Um 3.

Stefndi hefur mótmælt þessum kröfulið sem of háum og ósönnuðum.

Eins og rakið er hér að framan, kvað stefnandi bifreið sína hafa verið á verkstæði til viðgerðar frá því í byrjun janúar 1974 til 22. mars það ár. Hluta þess tímabils hafi hann haft bílaleigubíl til afnota og greitt fyrir þá leigu kr. 16.503. Samkvæmt reikningi frá bílaleigunni Fal h/f, sem fyrir liggur í málinu, er bílaleiga stefnanda fyrir tímabilið 7. til 26. febrúar 1974. Að öllum

atriðum athuguðum þykir mega taka þennan kröfulið til greina með fullri fjárhæð.

Tjón stefnanda hefur því samtals numið kr. 121.727, og samkvæmt framangreindri sakarskiptingu ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda 2/3 hluta þeirrar fjárhæðar, eða kr. 81.152 með vöxtum, sem ákvarðast 9% frá 7. desember 1973 til 15. júlí 1974 og 13% frá þeim degi til greiðsludags.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda málskostnað, og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 30.000.

Emil Ágústsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

#### Dómsorð:

Stefndu, Jónatan S. Tryggvason og Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f, greiði in solidum stefnanda, Anton Sigurðssyni, kr. 81.152 með 9% ársvöxtum frá 7. desember 1973 til 15. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og kr. 30.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 16. janúar 1978.

Nr. 237/1977. Valdstjórnin  
gegn  
Styrmi Gunnarssyni.

Kærumál. Kæruheimild. Máli vísað frá Hæstarétti.

#### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson.

Með kæru 23. desember 1977, sem barst Hæstarétti sama dag, hefur rannsóknarlögreglustjóri ríkisins kært til Hæstaréttar úrskurð sakadóms Reykjavíkur, uppkveðinn 22. s. m. Krefst hann þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og að Styrmi Gunnarssyni, ritstjóra Morgunblaðsins, „verði lýst rétt og skylt að lögum að veita rannsóknarlögreglu ríkisins